

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Ísl 102 Kennsluáætlun haustönn 2011	

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir, Ásbjörg Benediktsdóttir og Fríða Pétursdóttir	Sk.st.	ALH, ÁSBJ og FPÉ
----------------	--	---------------	------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Nemendur fá auk þess þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna.

Markmið:

- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- lesi upphátt fyrir aðra eigin texta og annarra.
- öðlist sjálfstraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.

Námsgögn:

Indjáninn eftir Jón Gnarr (útg. 2010).

Íslenska eitt, eftir Ragnildi Richter Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg. 2006)

Viðbótarefni frá kennara

Áætlun um yfirferð:

1. Iota 22.8 - 23.9. (5 vikur) Ritun og tjáning

Íslenska eitt bls. 54-68, 109-114, 125-128. Fjallað verður um byggingu texta og ýmis ritunarverkefni lögð fram til þjálfunar. Helstu handbækur verða kynntar og orðabókaverkefni unnið framhaldinu. Fjallað verður um mun á ritmáli og talmáli og munnlegur flutningur æfður. Nemendur hefja lestur bókarinnar Indjáninn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Ísl 102	
	Kennsluáætlun haustönn 2011	

2. lota 26.9 – 3.11. (6 vikur). Bókmenntir

Íslenska eitt, bls. 9-29, 52-54, 69-93. Farið verður í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Skáldsagan Indjáninn rædd og verkefnin unnin úr henni. Ýmis ritunarverkefni verða lögð fram í tengslum við umfjöllun.

3. lota 7. 11. - 30.11. (2 og ½ vika) Ljóð

Íslenska eitt, bls. 30-49, 63-65, 96-108, 119-121, 124. Farið verður ítarlega í myndmál og stílbrögð ljóða.

Verkefni:

Nemendur vinna margvísleg verkefni jöfnum höndum og standa skil á þeim ýmist munnlega eða skriflega. Skriflegum verkefnum eiga nemendur að safna í möppu sem á að skila í lok 2. lotu. Þessi verkefni gilda samtals 10% af lokaeinkunn. Munnlegt verkefni í 1. lotu gildir 10% og próf/verkefni úr ljóðum í 3. lotu gildir 10 %. Auk þess taka nemendur krossapróf (10%) úr skáldsögunni Indjáninn, vinna hópverkefni sem tengist henni (5%) og einstaklingsverkefni (5%).

Samanlagt vægi námsþátta á önn er 50% sem reiknast á móti lokaprófi.

Námsmat og vægi námsþátta:

Krossapróf og verkefni úr Indjánanum 20%

Verkefnamappa 10%

Munnlegt verkefni 10%

Próf/verkefni úr ljóðum 10%

Lokapróf 50%

Nemendur verða að fá a.m.k. 4,5 á lokaprófi til að verkefni annarinnar fái stöð metin.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar!

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils